

## Efnisyfirlit

<b>LEIKSKÓLINN HOLT .....</b>	<b>2</b>
<b>ÁRSÁÆTLUN 2003-2004 .....</b>	<b>2</b>
<b>NÁMIÐ NÆSTA LEIKSKÓLAÁR.....</b>	<b>2</b>
<i>Leikskólastarfið.....</i>	<i>2</i>
<i>Sérstakar áherslur.....</i>	<i>2</i>
<b>SKIPULAG.....</b>	<b>2</b>
<i>Tónlist .....</i>	<i>2</i>
<i>Vinnustundir.....</i>	<i>3</i>
<i>Valkerfi.....</i>	<i>4</i>
<i>Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir. ....</i>	<i>4</i>
<b>BÖRN.....</b>	<b>4</b>
<b>STARFSMENN.....</b>	<b>4</b>
<i>Starfsmannasamtöl.....</i>	<i>4</i>
<i>Sérkennsla.....</i>	<i>4</i>
<i>Fundir .....</i>	<i>4</i>
<i>Skipulagsdagar/námsskeið.....</i>	<i>5</i>
<i>Endur og símenntunaráætlun.....</i>	<i>5</i>
<b>FORELDRASAMSTARF .....</b>	<b>5</b>
<b>SAMSTARF.....</b>	<b>6</b>
<i>Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila. ....</i>	<i>6</i>
<i>Samstarf við grunnskóla .....</i>	<i>6</i>
<b>LOKAORÐ.....</b>	<b>7</b>

# Leikskólinn Holt

## Ársáætlun 2003-2004

### Námið næsta leikskólaár

#### Leikskólastarfið

Starfsemi haustsins litast að umhverfisvinnu, við nýtum okkar nánasta umhverfi, förum í gönguferðir, tinum ber, laufblöð og gróður sem unnið verður með í vinnustundum.

Viðfangsefni vetrarins verður tengt lestrarmenningar átaki Reykjanesbæjar. Unnið verður með ákveðna sögu allan veturinn þar sem kafað verður í söguna og unnið samkvæmt “Könnunaraðferðinni” Þar ráða börnin ferðinni sjálf og með aðstoð leikskólakennarans er unnið út frá áhuga þeirra hverju sinni. Þessi aðferð gerir börnin sjálfstæðari í vinnubrögðum og eflir ákvörðunarrétt þeirra. Unnið verður í aldurskiptum hópum fimm daga vikunnar, þrisvar sinnum í viku er hópastarf, einu sinni í viku tónlistartímar með tónlistarkennara og einu sinni í viku skipulagðir leikfimitímar.

#### Sérstakar áherslur

Í vetur sem endranær verður lögð höfuðáhersla á tónlist, leikskólinn vinnur með tónlistaruppeldi þar sem reynt er að flétta tónlist í allt starf leikskólans. Við leggjum áherslu á að nýta öll tækifæri til að vinna að tónlistaruppeldi inni sem úti. Geirþrúður Bogadóttir tónlistarkennari hefur yfirumsjón með tónlistarstarfinu og kemur með stutt innlegg fyrir starfsfólk einu sinni í mánuði.

Sérstök áhersla verður á lestur og málrækt þennan veturinn sem tengist lestrarmenningar átaki Reykjanesbæjar

## Skipulag

#### Tónlist

Í tónlistartímum í Leikskólanum Holti er mikið unnið út frá sönglögum og leitast er við að hafa fjölbreytt lagaval. Við höfum í heiðri gömul íslensk lög og vinnum líka með nýrri lög, hreyfisöngva og barnalög. Lagaval tekur mið af þemavinnunni. Í desember eru tónleikar í leikskólanum, þar sem nemendur í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar koma og leika fjölbreytta tónlist á hljóðfærin sín.

Í tónlistartímum með yngri börnunum er lögð áhersla á að kenna einföld barnalög og hreyfisöngva. Unnið með einföldustu grunnatriði tónlistar, hratt-hægt, sterkt-veikt.

Við þjálfum taktskyn og tilfinningu fyrir mismunandi hrynn. Börnin læra að umgangast hljóðfærin í stofunni, þekkja þau með nafni og við æfum okkur í að hlusta eftir mismunandi blæ og lærum þannig að þekkja hljóðfærin eftir heyrn. Við hlýðum á fjölbreytt hlustunardæmi og leikum með, bæði söng og hlustun, á hljóðfæri og með hreyfingu.

Í upphafi vetrarstarfsins með eldri börnunum, leggjum við áherslu á haustlög.

Við rifjum upp nöfn hljóðfæranna í stofunni, veltum fyrir okkur lögun þeirra og efnivið, hljómbla og spilamáta. Unnið er með hugtökin sterkt-veikt, (forte-píanó) hratt-hægt, bjart-dimmt. Við þjálfum taktskyn og hrynpjálfun er „rauður þráður“ í tónlistartímunum.

Hlustunardæmi eru valin með hliðsjón af ofangreindu – og eins og ávallt, leggjum við mikla áherslu á vönduð, fjölbreytt hlustunardæmi og nýtum þau til hins ítrasta á margvíslegan máta.

Við skoðum í tónlistarbókunum okkar, myndir af hljóðfærum sem við erum að hlusta á. Þegar nemendur í Tónlistarskólanum koma að spila fyrir okkur í desember gefst kærkomið tækifæri til að sjá og heyra mörg af hljóðfærunum sem við könnumst orðið svo vel við. Við hljóðsetjum ljóð og sögur, bæði okkar eigið efni og annara.

Pema vetrarins mun eiga sterk ítök í efnisvali á þessum vetri.

## Vinnustundir

Vinnustundir verða þrisvar í viku þar sem unnið er að ákveðnu viðfangsefni. Í vinnu með eldri börnunum ætlum við að nýta könnunaraðferðina sem gengur út á að kveikja áhuga barnanna, að rannsaka viðfangsefnið og að lokum koma vinnunni á framfæri við aðra. Bókin verður í brennidelpi í starfi vetrarins við ætlum að vinna með söguna um Gilitrutt. Foreldrafélag leikskólans gefur hverju barni á eldri deildinni eintak af bókinni um Gilitrutt. Vinnan fer þannig fram að við biðjum foreldra að skoða sérstaklega eina blaðsíðu í bókinni heima með börnum sínum og ræða efnið. Síðan verður sú blaðsíða til umræðu í vinnuhópum í leikskólanum. Vinnan tekur mið af vangaveltum barnanna í kringum þær umræður sem skapast hafa heima. Þannig hugsum við okkur að efla samstarf okkar við heimilin og að ýta á foreldra að leggja rækt við lestrarátakið sem er í gangi hjá bæjarfélaginu okkar. Viðfangsefni úr sögunni eru t.d. sauðkindin, tröll og lífið í gamla daga. Reynt verður að efla þekkingu og hugmyndaflug barnanna með umræðum, myndgerð, vettvangsferðum, lestri, tónlist, hreyfingu og myndlist. Reynt verður að skapa umhverfi og aðstæður fyrir börnin til að rannsaka og kynnast vel efniviði bókarinnar.

Elsti árgangur leikskólans mun fá einn heimspekítíma í viku hálf tíma í senn. Þar er lesin texti t.d. úr Búkollu. Börnin koma með spurningar og leitað verður svara við þeim með heimspekilegum umræðum. Í lok hvers heimspekítíma teiknum við eitthvað tengt þeirri umræðu sem skapast hefur.

Markviss málörvun verður í hávegum höfð og er gegnum gangandi í öllu leikskólastarfi, þennan veturinn verða sérstakir tímar tileinkaðir málörvun þrisvar sinnum í viku vinnum við ákveðin verkefni sem byggð eru á bókinni Markviss málörvun.

Mikil áhersla verður á lestri bóka og þá framhaldssagna með elsta árgangi leikskólans. Í byrjun hveirrar lestrarstundar verður fyrri kafli rifjaður upp með umræðum í lok lestrarstundar eru atriði úr kaflanum rifjuð upp og skráð á flettistöflu. Börnin velja sér eitt atriði til að teikna mynd við að lokum verður sett upp sýning á myndum barnanna ásamt texta.

Vinnan með yngri börnunum miðast að mestu leiti við að kynnast leikskólastarfi, læra að taka tillit hvort til annars vinna saman og kynnast þeim fjölbreytta efnivið sem leikskólastarf byggist á. Lestrarmenningar átakið mun þó líka lita heilmikið starfið á yngri deildinni þar verður unnið með eina ákveðna bók þó á einfaldari hátt heldur en á eldri deild. Bókin sem varð fyrir valinu er bókin “Kötturinn sem hvarf” eftir Nínu Tryggvadóttur ekki er hægt að gefa börnunum eintak af þeirri bók þar sem hún er uppseld og hefur ekki verið endurútgefin en er sérstaklega skemmtileg og áhugaverð með ungum börnum.

## Valkerfi

Kot eldri deild.

Það valkerfi sem við notum er í raun frjáls leikur þar sem börnin ákveða sjálf viðfangsefnið. Börnin fá miða með nafninu sínu á sem þau síðan festa við þann krók sem þau velja sér og geta síðan skipt eftir því sem losnar. Valið notum við til að efla sjálfstæði barnanna. Þeir krókar sem verða í boði í vetur: leikstofa, tölvur, listakrókur, leirkrókur, spilakrókur, einingakubbar, hreyfing í sal og útivera.

Hlíð yngri deild.

Boðið er uppá val á yngri deild þar sem ákveðin svæði eru s.s. leikstofa –hlutverkaleikur, -kubbar, -púðar og teppi. listakrókur –málun, -leikdeig. hreyfing. Á hverju svæði er kennari sem hefur umsjón með viðkomandi svæði, börnin geta gengið á milli svæða og prófað sig áfram.

## Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.

- Farið verður í stuttar kynnisferðir, lengri ferðir verða í tengslum við útskrift elstu barnanna.
- Elstu börn leikskólans verða með atriði á sameiginlegri hátíð leikskóla Reykjanesbæjar í tengslum við dag íslenskrar tungu. Hátíðin verður í Frumleikhúsinu þann 14.nóv.
- Stefnt er að því að fá eina leiksýningu fyrir jólin í samvinnu við foreldrafélagið.
- Sýning á verkum barnanna í apríl þegar vetrarstarfi lýkur.
- Þorrablót í lok janúar, bollar- og sprengjudagur verða með hefðbundnu sniði.
- Öskudagur verður uppákoma í sal þar sem börnin mega mæta í furðufötum.
- Aðrar skemmtanir á árinu verða jólaball, sumarhátíð og ömmu-afa dagur.

## Börn

52 nemendur verða í leikskólanum í vetur, 27 börn verða í heilsdagsvistun 25 börn í 4 til 6,5 tíma vistun.

Aðlögun barna er að hausti og var unnin í hópum þar sem fjögur börn byrjuðu sömu vikuna. Flutningur milli deilda verður á vorin þar sem börnin fara saman í hóp ásamt einum starfsmanni til að skapa þeim meira öryggi.

## Starfsmenn

Starfsmenn eru 15 í 10,47% stöðugildi þar af fimm leikskólakennarar, einn tónlistarskólakennari, einn nemi í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri.

## Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl verða einu sinni á árinu í febrúar / mars.

## Sérkennsla

Tvö börn njóta sérkennslu þennan veturinn og sér Dagný Helgadóttir um sérkennsluna með yfirumsjón Elínar aðstoðarleikskólastjóra sem sér um einstaklingsnámskrá.

## Fundir

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði fyrsta þriðjudag fjórar klukkustundir í senn. Fagfundir (leikskólakennarfundir) eru haldnir reglulega og eftir

þörfum tvær klukkustundir í senn. Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru einu sinni í viku á fimmtudögum. Samráðsfundir grunnskóla og leikskóla verða þrisvar sinnum yfir veturinn að hausti, í janúar og að vori. Allt starfsfólk leikskólans fær undirbúningstíma í viku hverri samkvæmt sínum kjarasamningi.

### **Skipulagsdagar/námsskeið**

Fyrsti skipulagsdagur vetrarins verður föstudaginn 17. október

kl.8:00-16:00 dagskrá dagsins er

- Fyrirlestur um Reggio starf
- vinnu samkvæmt könnunaraðferð
- skráningar

Fyrirlesari verður Kristín Hildur Ólafsdóttir.

Annar skipulagsdagur verður föstudaginn 12. mars áætlað er að fá framhalds fræðslu um Reggio starf óráðið hvar og umsjónarmaður.

Þriðji skipulagsdagur í tengingu við sumarleyfi unnið verður að undirbúningi og móttöku barna.

### **Endur og símenntunaráætlun**

Námsskeið fyrir starfsfólk sem boðið verður uppá í vetur eru: kynning á vinnuaðferðum í Reggio Emillio fyrir allt starfsfólk, fyrirlestur um aga og virðingu fyrir allt starfsfólk, kjarnánámsskeið fyrir tvo leiðbeinendur, tónmenntakennari verður með stutt námsskeið í raddbeitingu, stjórnunarnámsskeið fyrir deildarstjóra, að eiga við erfiða starfsmenn fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, tölvunámsskeið og námsskeið fyrir nýtt starfsfólk á vegum skólaskrifstofu. Áhugi er meðal starfsmanna að sækja námsskeið um umhverfismennt, yngstu börnin í leikskólanum og málörvun ef færi gefst verður það gert.

## **Foreldrasamstarf**

Áhersla verður á jákvæð og góð samskipti milli heimils og skóla. Því ætlum við að ná fram með því að bjóða foreldrum að koma í einstaklingsviðtöl þar sem foreldrum gefst tækifæri að spjalla, gefa upplýsingar og fá upplýsingar um barnið sitt. Á eldri deild verður lögð sérstök áhersla á foreldrasamstarf varðandi viðfangsefni vetrarins þar sem hvert barn fær eintak af bókinni sem á að taka fyrir og fara börnin heim með lítil verkefni til að vinna með foreldrum sínum. Sérstök áhersla verður á góð dagleg samskipti þegar börnin koma og fara.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann að vera með í starfi og fylgjast með börnum sínum einnig eru ákveðnir dagar sem foreldrum er sérstaklega boðið í leikskólann það er t.d.: foreldrafundir, jólasöngstund sem við bjóðum foreldrum að koma og syngja með okkur í desember, sumarhátíð, sýning í vetrarlok.

# Samstarf

## **Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila.**

Leikskólinn fær ráðgjöf frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Þar er starfandi leikskólafulltrúi og sérkennslufulltrúi. Starfsmaður bæjarskrifstofunnar sér um innritun barna í leikskólann og gjaldkeri sér um færslur vegna leikskólagjalda.

Á Fræðsluskrifstofu er starfandi sálfræðingur sem sinnir leikskólabörnum.

Leikskólinn fær stuðning frá talmeinafræðingi vegna barna með málörðugleika.

Vegna stuðningsbarna fáum við ráðgjöf frá greiningarstöð.

Góð samvinna hefur verið við aðrar deildir bæjarins s.s. skrifstofu, tæknideild, garðyrkjudeild, áhaldahús og fjölskyldu og félagsmálaráð.

## **Samstarf við grunnskóla**

Samstarf við Njarðvíkurskóla sem er okkar heimaskóli er mjög gott. Fundað er þrisvar yfir veturinn með árgangastjóra og kennurum fyrsta bekkjar. Heimsóknir í skólann með elstu börnin verða tvisvar til þrisvar yfir veturinn. Áætlað er að bjóða fyrsta bekk Njarðvíkurskóla í heimsókn til okkar þar sem börnin sem hafa verið á Holti hafa tækifæri á að hitta vini sína og félagi frá síðasta vetri.

## Lokaorð

Starfið í vetur mun ganga mikið út á lestramenningar verkefni Reykjanesbæjar. Þar sem við ætlum að vinna markvisst að lestri og bókin verður í brennidepli. Þar inni ætlum við að flétta markvissri málörvun. Við ætlum okkur að leggja mikla áherslu á tónlistina og að færa tónlistakennsluna meira inn í hið daglega starf. Starfsfólk er mjög áhugasamt um alla endurmenntun og verður komið til móts við það með námskeiðum og fyrirlestrum. Einnig verður mjög spennandi að vinna samkvæmt “könnunaraðferðinni” og sjá hvernig hún hentar börnum og starfsfólki.

Viðbygging og stækkun leikskólans verður það verkefni sem örugglega á eftir að lita mikið starf vetrarins. Með tilkomu nýs húsnæðis og breytingu á aðstöðu erum við að undirbúa áherslu breytingar í starfinu þar sem vinnuaðferð Reggio Emilio verður höfð að leiðarljósi. Við sjáum fram á að mikil vinna er framundan en skemmtileg og er það leiðarljós okkar í vetur “Njótum líðandi stundar – höfum gaman saman”.

---

Kristín Helgadóttir, leikskólastjóri.